Vegagerðin,Norðurlandsumdæmi eystra
B.t. Birgis Guðmundssonar
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Akureyri, 23. nóvember 2012
2012080074 / 19-001

**Efni:** Vegagerðin - niðurfelling vega af vegaskrá

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 22. nóvember 2012 gert eftirfarandi bókun:

4. liður í fundargerð framkvæmdaráðs dags. 16. nóvember 2012:
Erindi dags. 5. júlí 2012 frá Birgi Guðmundssyni svæðisstjóra Norðaustursvæðis Vegagerðarinnar þar sem óskað er eftir athugasemdum við að Vegagerðin hætti þjónustu við hluta Borgarbrautar, Hlíðarbrautar og Hlíðarfjallsvegar, hluta Hjalteyrargötu, Silfurtanga og Laufásgötu.
Framkvæmdaráð vísar erindinu til bæjarráðs.

*Bæjarráð mótmælir harðlega þeirri einhliða ákvörðun Vegagerðarinnar að hluti Borgarbrautar, Hlíðarbrautar og Hlíðarfjallsvegar og hluti Hjalteyrargötu, Silfurtanga og Laufásgötu skuli ekki falla undir skilgreinda þjóðvegi og í framhaldi af þeirri ákvörðun muni Vegagerðin hætta að greiða fyrir viðhald og þjónustu á fyrrnefndum vegum frá og með 1. janúar nk.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson
bæjarstjóri

**Afrit:**
Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra
Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga
Pétur Þór Jónasson, framkvæmdastjóri Eyþings